



Sexan stuttmyndakeppni 2024 er hafin!

Í dag var opnað fyrir innsendingar í **Sexuna, stuttmyndakeppni** fyrir nemendur í 7.bekk á landsvísu.

Sexan er fræðsluverkefni sem ætla er að fræða ungt fólk um birtingarmyndir stafræns ofbeldis. Viðfangsefni stuttmyndanna er *tæling, nektarmynd, samþykki* eða *slagsmál ungmenna*. Auk þess er opinn flokkur fyrir önnur mikilvæg málefni sem 12-13 ára krökkum þykja mikilvægt að lyfta upp.

Stuttmyndirnar mega mest vera 3 mínútur að lengd og hver skóli má mest senda þrjár stuttmyndir. Nemendur hafa frjálstar hendur með handritagerð, kvikmyndatöku og eftirvinnslu. Nemendur af erlendum uppruna, hinsegin og fatlaðir nemendur eru sérstaklega hvattir til að taka þátt.

Opið er fyrir innsendingar milli 8-28.janúar á vef 112.is/sexan. Dómnefnd skipuð fulltrúum ungmennaráðs, RÚV, MMS og fulltrúa kvikmyndagerðar mun svo velja þrjár bestu myndirnar sem verða kynntar á vef UngRÚV. Formaður dómnefndar Sexunnar 2024 er kvikmyndaleikstjórinn Baldvin Z.


Kjarni verkefnisins er að **ungt fólk fræði ungt fólk**. Þau eru best til þess fallin að varpa ljósi á þeirra veruleika og hvar helstu áskoranirnar leynast í daglegu lífi ungmenna. Verðlaunamyndirnar verða svo sendar í alla grunnskóla landsins sem fræðsluefni um stafrænt ofbeldi og getur þannig nýst þeim skólum sem ekki taka þátt sem og komandi kynslóðum.

Sexan er nú haldin í annað sinn en í fyrra sendu 27 skólar yfir 50 stuttmyndir. Sigurvegari 2023 var Selásskóli með stuttmyndina Friend Request, Heiðarskóli í Reykjanesbæ var í 2.sæti en Suðurhlíðarskóli var í 3.sæti. Vinningshöfum var

síðar boðið að koma fram á NFBO, norrænni ráðstefnu um Ofbeldi gegn börnum sem var haldin á Hilton Nordica í maí 2023. Vinningsmyndirnar þrjár má finna bæði á Youtube rás Neyðarlínunnar og á vef Neyðarlínunnar: 112.is/sexan en þar má einnig finna frekari fræðslu um viðfangsefnin, innsendingargáttina og góð ráð fyrir stuttmyndagerð.

Sexan er forvarnar- og fræðsluverkefni breiðrar fylkingar samstarfsaðila sem öll láta sig lýðheilsu ungmenna varða: Neyðarlínan, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofa, Barna- og fjölskyldustofa, Fjölmíðlanefnd, Samskiptafulltrúi íþróttá- og æskulýðsstarfs, Ríkislögreglustjóri, Menntamálastofnun og RÚV.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Jana María, vef- og kynningarstjóri Neyðarlínunnar jana@112.is.



STUTTMYNDAKEPPNI FYRIR NEMENDUR Í 7. BEKK

SEXAN

TAKTU ÞÁTT!

SAMÞYKKI · NEKTARMYND · TÆLING · SLAGSMÁL UNGMENNA

VIÐ HVETJUM SÉRSTAKLEGA UNGMENNI AF ERLENDUM UPPRUNA,
HINSEGIN UNGMENNI OG FÖTLUÐ UNGMENNI TIL AÐ TAKA ÞÁTT!



SKANNAÐU KÓÐANN TIL AÐ SJÁ NÁNAR



FJÖLMÍDLANEFND



Barna- og fjölskyldustofa

Jafnréttisstofa

Samband íslenskra sveitarfélaga

MENNITAMÁLASTOFNUN